

Halldór Jóhannsson,
Vatnsstíg 18,
101 Reykjavík.

Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar,
Miðbraut 11,
370 Dalabyggð.

Reykjavík 18.01.2021

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar

Undirritaður tilkynnir hér með Dalabyggð um skógræktaráform á jörðinni Selárdalur, landnr. 137957 í Dalabyggð.

Væntanlegur samningur við Skógræktina tekur til um 38 ha. lands, sem sjá má á meðfylgjandi korti af svæðinu.

Óskað er afstöðu sveitarstjórnar hvort framkvæmdaleyfis í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 sé krafist.

Undirritaður telur framkvæmdina í samræmi við gildandi aðalskipulag Dalabyggðar (landbúnaðarland). Undirbúningur ræktunaráætlunar felur meðal annars í sér kotlagningu fyrirhugaðs ræktunarlands (unnin af skógfræðingi) og þar með hvort einhver úrtök verða gerð innan ræktunarsvæða vegna verndarákvæða náttúruverndarlaga, fornminjalaga og/eða annarra takmarka sem kunna að koma í ljós.

Bent skal á eftirfarandi:


- Á landinu eru ekki friðlýst svæði.
- Landið er ekki á náttúruminjaskrá.
- Engar friðlýstar fornminjar eru þekktar eða skráðar.

Gert er ráð fyrir fjölnytjaskógrækt á umræddum 38 ha.

Undirritaður óskar hér með svara sveitarstjórnar við því hvort heimilt sé að hefja framkvæmdir við skógrækt á fyrirhuguðu ræktunarsvæði í Selárdal.


Með ósk um skjóta og farsæla afgreiðslu.

Virðingarfyllt



Halldór Jóhannsson

Landeigendur samþykkja ofanritað:

Berglind Halldórsdóttir



Hulda Björk Halldórsdóttir



Sigríður Vala Halldórsdóttir

